



Tálknafjarðarhrepps

Fundur haldinn í bygginganefnd Tálknafjarðarhrepps á skrifstofu
Tálknafjarðarhrepps, föstudaginn 6. október 2006 kl. 13.00

Mætt undirrituð og fyrirtekið

1. Erindi frá Sparisjóði Vestfirðinga.

Sótt er um að færa skilti þau sem eru á gaffli hússins og setja þau á þak kant á framhlið til hliðar og ofan við inngang. Verða skiltin að sömu hæð.

Var það samþykkt.

Aðalsteinn vék af fundi

2. Erindi frá Allt í Járnum.

Sótt er um að setja glugga á framhlið verkstæðishús á milli stóru hurðanna í flútti við efri brún hura, glugginn verður 70 cm á hæð og 1.70 cm á breidd.

Var það samþykkt

Aðalsteinn kom aftur á fundinn.

3. Erindi frá Braga G. Gunnarssyni.

Sækir hann um að leyfi til að vinna að rannsóknum á Hólsá með tilliti til virkjanna.

Bygginganefnd hefur ekki umsagnarrétt um mælingar á Hólsá, það er hreppsnefnd sem veitir það leyfi, þannig að erindinu er vísað til hreppsnefndar.

Ef erindið fær jákvæða umfjöllun í hreppsnefnd samþykkir byggingarnefnd þær framkvæmdir sem þurfa með þeim skilyrðum að skilið verði við landið eins og komi var að því við upphaf rannsókna. Bygginganefnd tekur ekki afstöðu til virkjanna í Hólsá á þessu stigi málsins.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið til 13.30

Heiðar Jóhannsson
Aðalsteinn Magnússon
Ásgeir Jónsson
Ólafur Gunnbjörnsson